

34

14. gr.

17. júní Brot gegn 4. og 5. gr. og 1. málsgr. 12. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara og gegn forsetaúrskurðum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum.

Mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi konungsúrskurðir nr. 41 frá 30. nóv. 1918, nr. 1 frá 12. febr. 1919, nr. 23 frá 5. júlí 1920, nr. 30 frá 13. jan. 1938 og ríkisstjóraúrskurður nr. 119 frá 9. des. 1941.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Þingvelli við Öxará, 17. dag júnimánaðar 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

35

17. júní

FORSETAÚRSKURÐUR

um skjaldarmerki Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Skjaldarmerki Íslands er silfurlitur kross í heiðbláum feldi með eldrauðum krossi innan í silfurlita krossinum. Armar krossanna skulu ná alveg út í rendur skjaldarins á alla fjóra vegu. Breidd krossmarksins skal vera $\frac{2}{3}$ af breidd skjaldarins, en rauði krossinn helmingi mjórri, $\frac{1}{3}$ af breidd skjaldarins. Efri reitirnir skulu vera rétthyrndir, jafnhliða ferhyrningar og neðri reitirnir jafnbreiðir efri reitunum, en þriðjungi lengri.

Skjaldberar eru hinar fjórar landvættir, sem getur í Heimskringlu: *Griðungur*, hægra megin skjaldarins, *bergrisi*, vinstra megin, *gammur*, hægra megin, ofan við griðunginn, og *dreki*, vinstra megin, ofan við bergrisann.

Skjöldurinn hvílir á stuðlabergshellu.

Gjört á Þingvelli við Öxará, 17. dag júnimánaðar 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.